

## Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2008



### Íslenski saxófónkvartettinn

Þriðjudaginn 26. ágúst kl. 20:30

---

Næstkomandi þriðjudagskvöld heldur Íslenski saxófónkvartettinn tónleika í sumartónleikaröð Sigurjónssafns á Laugarnesi. Þessi frumlegi kvartett leikur fjölbreytta efnisskrá sem inniheldur suðræna tangótóna, endurreisnartónlist og verk eftir kvikmyndatónskáld, auk hefðbundnari saxófóntóna.

Íslenski saxófónkvartettinn er fyrsti og eini starfandi klassíski saxófónkvartettinn á landinu. Hann hefur starfað frá árinu 2006 og flutt fjölda verka sem upprunalega voru samin fyrir saxófónkvartett. Síðastliðinn vetur hélt kvartettinn tvö tónleika í Norræna húsinu við mjög góðar undirtektir. Íslenska saxófónkvartettinn skipa **Vigdís Klara Aradóttir** á sópransaxófón, **Sigurður Flosason** á altsaxófón, **Peter Tompkins** á tenórsaxófón og **Guido Bäumer** á barítónsaxófón. Hljóðfærleikararnir hafa allir fjölbreytilegt nám og reynslu að baki. Vigdís Klara stundaði nám í klassískum saxófónleik í Sviss ásamt klarinettnámi og námi á fimm klappa klarinett og chalumeau, Sigurður er vel þekktur jassleikari sem stundaði einnig nám í klassískum saxófónleik hér heima og í Bandaríkjunum, Peter stundaði nám í London og er óbóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og formaður Bachsveitarinnar í Skálholti, Guido stundaði nám í Þýskalandi, Sviss og Bandaríkjunum og er einnig menntaður þverflautukennari.

Efnisskrár eins og þær sem kvartettinn leikur hafa ekki heyrst áður á Íslandi enda hefur undantekningalítið verið um að ræða frumflutning verkanna á Íslandi. Að þessu sinni er efnisskrá tónleikanna mjög fjölbreytt. Leikin verða verk eftir endurreisnartónskáldin Orlando Gibbons og Girolamo Frescobaldi en einnig suðræn tangótónlist eftir Astor Piazzolla, hefðbundin frönsk saxófónkvartetts-tónlist og verk eftir hið þekktu kvikmynda-tónskáld Michael Nyman.

Miðasala á tónleikana fer fram við innganginn, einnig er hægt að kaupa miða í síma 553-2906. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

---

Vigdís Klara Aradóttir s. 864 5985 er tengiliður kvartettsins vegna viðtals og myndatöku.

Prentað mynd af tónlistarfólkinu: <http://www.iso.is/tonl/08-08-26-Sax.jpg>

Heildardagskrá sumartónleikanna: [http://www.iso.is/tonl\\_i.htm](http://www.iso.is/tonl_i.htm)

Ábyrgðarmaður fréttatilkynningar:

Steinunn Þórhallsdóttir, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, sími 553 2906, [www.iso.is](http://www.iso.is)



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar